

Umhverfisstofnun
Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 7. júní 2024
Tilvísun: 202401017 / 2.8.2

Efni: Sorpbrennslan Kalka, endurskoðun starfsleyfis

Vísað er til tölvupóst dags. 3. júní 2024 þar sem greint er frá því að Umhverfisstofnun hafi borist erindi frá Kólku Sorpeyðingarstöð. Í erindinu kemur fram að í núverandi starfsleyfi fyrirtækisins sé heimild til brennslu á 400 tonnum af sóttmenguðum úrgangi og 1000 tonnum af spilliefnum á ári. Óskað er eftir að auka heimildina upp í 600 tonn af sóttmenguðum úrgangi og 1200 tonn af spilliefnum á ári. Fram kemur að hvorki sé verið að auka heildarmagn úrgangs sem kemur til brennslu í stöðinni né reisa ný mannvirki.

Umhverfismat vegna Sorpeyðingarstöðvar Kólku lauk með úrskurði Skipulagsstofnunar dags. 19. Maí 2003. Í úrskurðinum er fjallað um að afkastageta stöðvarinnar miðist við móttöku 12.300 tonna á ári. Í úrskurðinum eru tilteknir ýmsir flokkar úrgangs sem muni berast stöðinni til brennslu. Þar á meðal bæði sóttmengaðan úrgangur og spilliefni. En ekki er tilgreint í úrskurði hvernig úrgangur muni skiptast á flokka.

Skipulagsstofnun telur að aukin brennsla á sóttmenguðum úrgangi og spilliefnum kalli ekki á málsmeðferð á grundvelli laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Byggir niðurstaða Skipulagsstofnunar á því að ekki er verið að auka heildarmagn úrgangs eins og það var tilgreint í úrskurði stofnunarinnar frá 2003. Ekki síst með hliðsjón af því að í umræddum úrskurði var ekki tiltekið sérstaklega hámarks magn efna í hvorum flokki en báðir flokkarnir tilgreindir sem uppruni brennsluefna.

Virðingarfyllt,

Sigurður Ásbjörnsson

